

# KJARVAL



898

BBS BBQ Spare ribs  
500 g

22%  
afsláttur



1798

Góða 1/2 Lambakeri  
þurrkryddað



1669

SS Caj P's  
Fólaldasteik



30%  
afsláttur

598

Mjóa Kryddað kerri



40%  
afsláttur

359

Góða Úlnarþylsur  
10 stk



2999

Motorola C113  
Tarsími



24%  
afsláttur

498

Honey Nut Cheerios



349

Emmess Regnbogastangir  
og fivaustastangir heimilis



52%  
afsláttur

89

Maryland Double  
Chocolate fjóublár



399

Fetaastur í kryddolíu og  
með tómötum & ólífum



20%  
afsláttur

798

Shop Rite Eldhúsróttur



349

Sætar Kartöflur



38%  
afsláttur

99

Egils Orka 0,5 l



3x  
Vildarpunktur

# VITINN

UTG. FRÉTTABÚI SÍMI: 4871429 FAX: 4871206 NETFANG [frettir@simnet.is](mailto:frettir@simnet.is)

**Auglýsingar berist ekki síðar en kl. 10 á þriðjudagsmorgnum**

## Hárgreiðslustofan í Vík

verður lokað vegna sumarleyfis  
**11.-19. júní og 20. júlí - 4. ágúst**

Kveðja Þorbjörg  
847-1858



Patrekur Trausti, f. 11.08.07. Foreldrar:  
Sigurbjörg Magnúsdóttir frá Suður-Hvoli og  
Jóhannes William Grétarsson, búsett í  
Reykjavík

## UMF Katla

Okkur vantar þjálfara til að þjálfa 10 ára  
og yngri í frjálsum í sumar.  
Æfingarnar eru á þriðjudögum og fimmtu-  
dögum frá 20-21.

Áhugasamir hafi samband við  
**Þorbjörgu í síma 847-1858**

Stjórnin

## Héraðsbókasafn V-Skaft. Vík

Bókasafnið verður lokað í sumar,  
en hafa má samband við mig  
í síma 487-1215

Síðasti skiladagur er miðvikud. 10.  
júní.

Bókavörður.

## Tannlæknir

Jón Steindór Sveinsson tannlæknir  
verður á Heilsugæslustöðinni í Vík  
**fimmtudaginn 11. júní n.k.**

**Tímamantanir í síma 480 5340**



SMÁAUGLYSINGAR

- Sjá opnunartíma á [kjarval.is](http://kjarval.is) -

23. TBL. 13. ÁRGANGUR MIÐVIKUDAGINN 3. JÚNÍ 2009



## Tilkynning frá Skaftárhreppi

Skaftárhreppur hefur gengið frá samningum um grenjavinnslu við eftirtalda aðila fyrir grenjaveiðitímabilið 1. maí til 31. júlí 2009:

Fyrrum Hörgslandshreppur:	Vigfús Helgason
Fyrrum Kirkjubæjarhreppur:	Pálmi Harðarson
Fyrrum Skaftártunguhreppur:	Gísli Halldór Magnússon / Oddsteinn Sæmundsson
Fyrrum Leiðvallahreppur:	Hávarður Ólafsson / Gísli Þorsteinsson
Fyrrum Álftavershreppur:	Sæmundur Oddsteinsson

Að gefnu tilefni skal það ítrekað að samkvæmt 5. grein reglugerðar um refa- og minkaveiðar nr. 437 frá 1995 með síðari breytingum eru refaveiðar á grenjatímabilinu einungis heimilar skotmönnum sem ráðnir eru til grenjavinnslu samkvæmt samningum hjá viðkomandi sveitarfélagi. Þó geta bændur og aðilar á þeirra vegum skotið refi sem búfenaði stafar bein hætta af. Skýlt er þá að tilkynna ráðnum skotmanni á viðkomandi svæði um veiðina tafarlaust.

Sveitarstjórn Skaftárhrepps



## Reiðskólar Sindra

**Minum á að skráningafresturinn í reiðskólann í Vík rennur út í dag miðvikudaginn 3. júní.**

Enn er laust í fullorðins hópinn sem er á kvöldin og um að gera að skella sér með í skemmtilega kvöldreiðtúra óvanir jafnt og vanir eru velkomnir enda miðar "kennslan" að hæfni hvers og eins.

**Skráning er hjá Vilborgu á e-mailið [isbud@simnet.is](mailto:isbud@simnet.is) eða í síma 867-1486 og hjá Óskari í síma 866-1021**

Með kveðju  
Reiðskóla- og æskulýðsnefnd Sindra

## Sjómannadagurinn í Skaftárhreppi

*Þá gerist það aftur! Sjómannadagurinn í Skaftárhreppi.*

Fyrst er fjölskylduguðspjónusta í Langholtskirkju í Meðallandi kl. 14.00 og síðan róðrakeppni við Hæðargarðsvatn kl. 16.00. Lið frá gömlu hreppunum, Hörgslandshreppi, Kirkjubæjarhreppi, Leiðvallarhreppi, Skaftártunguhreppi og Álftavershreppi ætla að etja kappi saman og róa hringinn um Hæðargarðsvatn. Og til þess að hækka blóðþrýstinginn enn meira þá er Mýrdælingum boðið að vera með.

Veitingasala verður í höndum Kvenfélags Kirkjubæjarhrepps.

Höldum upp á sjómannadaginn með því að mæta með góða skapið og hvetja okkar lið.

Stjórnin

## Rabarbarinn (sprottinn)

Tilvalinn í dýrtíðinni að gera sultur, saft og ekki má gleyma rabarbaragratnum.  
*Svo vantar bara góða uppskrift af rabarbaravíni það ku vera alveg feykilega gott, á einhver góða uppskrift?*

Rabarbarinn fæst gefins, aðeins fyrirhöfnina að taka hann upp.

**Uppl. í sínum blaðsins. S**

*Rabarbaravínið víst  
veig er sú hin besta.  
Eflaust mörgum á það líst,  
eðalmjóðinn mesta E.*

**Ný netverslun - [www.fallegfot.com](http://www.fallegfot.com)**

*Mikið úrval að nýjum og ódýrum fötum,  
sendi um land allt.*

## SPEKI VIKUNNAR

- Fara á fjörurnar við einhvern Fara einhvers á leit; reyna við stelpu/strák. Mörgu skolar sjórinn á land, einkum í stórbrimi. Menn fóru á fjörur til þess að leita happa-fengs, rekaspýtu, fisks, jafnvel hvals. Þeir sem fara nú á fjörur eru að leita einhvers, einkum ástar. Það dylst engum að hann Nonni er að fara á fjörurnar við hana Gunnu.

- Deila um keisarans skegg. Deila um eitthvað fánýtt. Höfðu rómverskir keisarar skegg eða voru þeir skegglausir? Um þetta mun fólk hafa karpað, og síðan er það haft að orðtaki að menn deili um keisarans skegg þegar þeir þrasa um eitthvað nauðaómerkilegt. Mörgum finnst það deila um keisarans skegg þegar rifist er um hvort Jón Páll hafi verið sterkari en Magnús Ver.

**NSS** .....

[natturuvernd@nss.is](mailto:natturuvernd@nss.is)

Aðalfundur Náttúruverndarsamtaka Suðurlands 2009  
og málþingið "Náttúruvernd og atvinnusköpun"  
verður í Félagsheimilinu Kirkjuhvoli á Kirkjubæjarklaustri  
laugardaginn 6. júní 2009.

Aðalfundurinn hefst kl 11:00 og lýkur kl. 12:30

**Dagskrá: Venjuleg aðalfundarstörf.**

Aðalfundurinn er öllum opin og nýir félagar eru velkomnir

**Málþingið hefst kl. 13:30 og lýkur kl. 17:00**

**Dagskrá:**

- Kl. 13:30** Setning. Ólafía Jakobsdóttir formaður  
**Kl. 13:40** Ávarp. Svandís Svavarsdóttir umhverfisráðherra  
**Kl. 14:00** Hagsæld og náttúra Ólafur Páll Jónsson lektor í heimspeki  
**Kl. 14:20** Ísland - bezt í heimi? Hugleiðingar um markaðssetningu.  
Ketill Sigurjónsson þjóðgarðsvörður  
**Kl. 14:40** Atvinnusköpun sem byggir á styrkleikum svæðisins vænlegust  
til árangurs. Steingerður Hreinsdóttir ráðgjafi  
**Kl. 15:00** Kaffihlé  
**Kl. 15:20** Fiskstofnar í Skaftárhreppi - auðlind til framtíðar.  
Magnús Jóhannsson fiskifræðingur  
**Kl. 15:40** Sjöbirtingssetur Íslands - vaxtarsproti í ferðaþjónustu og  
fræðslumálum. Jóhannes Sturlaugsson fiskifræðingur  
**Kl. 16:00** Ímynd og tækifæri í landi frumkraftanna.  
Ingibjörg Eiríksdóttir verkefnastjóri umhverfis- og ferðamála  
**Kl. 16:20** Umræður og fyrirspurnir

Fundarstjórar: Sigurður Sigursveinsson framkvæmdastjóri og  
Elín Erlingsdóttir landfræðingur.

Ekkert þátttökugjald og kaffiveitingar eru í boði NSS



## Atvinnuþróunarfélag Suðurlands

verður með viðtalstíma á eftirtöldum stöðum nú á næstunni.

Sveitarfélag	staður	dagsetning	tími
Mýrdalshreppur	Austurvegi 17	8. júní	10.00 – 12.00
Skaftárhreppur	Klausturvegi 15	8. júní	13.00 – 15.00

Markmið Atvinnuþróunarfélags Suðurlands er að efla og örva atvinnulíf á Suðurlandi og stuðla þannig að aukinni hagsæld, með ráðgjöf og styrkjum til einstaklinga, fyrirtækja, félagasamtaka, sveitarfélaga og annarra hagsmunaaðila.

Við hvetjum alla þá sem áhuga hafa að koma og hitta okkur!

Starfsfólk Atvinnuþróunarfélags Suðurlands

## Eigendur bifreiða með ökumæli takið eftir!!



Þriðjudaginn 2. júní hefst álestrartímabil af ökumælum bíla og tengivagna yfir 10 tonn að heildarþunga, og stendur yfir til dagsins 15. júní. Lesið verður af mælunum í áhaldahúsinu í Vík alla virka daga á tímabilinu frá kl. 8:00 til 12:00 á hádegi. Í Skaftárhrepp verður lesið af mælum föstudaginn 12 júní.

**Nánari upplýsingar veitir Vegagerðin í Vík í síma 522-1372**

Vegagerðin

## Golfarar athugið !

Fyrsta mót sumarsins í miðvikudagsmótaröðinni  
hjá Golfklúbbnum í Vík byrjar í kvöld kl. 20:00 .

Mótanefnd GKV.

## Frá Ungmennafélaginu Ármanni

**Leikjanámskeið** fyrir krakka á aldrinum 6-11 ára verður haldið vikuna 22.-26. júní. Námskeiðið verður frá kl 9:30-12:00 alla dagana. Farið verður í gönguferðir, leiki, sund ofl. Námskeiðinu lýkur á föstudeginum með grillveislu. Pátttökugjald er kr. 2000.

Skráning á [asa@klaustur.is](mailto:asa@klaustur.is) eða í síma **893-2373**

**Fótboltaæfingar** fyrir 12 ára og yngri verða í júní á þriðjudögum og fimmtudögum kl.13:00-14:00. Æfingarnar verða á sparkvellingum.

**Frjálsíþróttæfingar** fyrir alla aldursflokka verða á mánudögum og miðvikudögum frá kl. 19:30-21:00. Æfingarnar verða á Kleifum

**Kvennahlaup ÍSÍ** mun fara fram 20. júní nk. Hlaupið verður frá Íþróttamiðstöðinni á Klaustri og hefst hlaupið kl 11.

**Forsala á bolum fyrir hlaupið verður í Íþróttamiðstöðinni laugardaginn 6. júní frá kl. 14-16.**

Eins og undanfarin ár mun bolurinn kosta 1000 kr.

Kv. U.m.f. Ármann

## D-listinn í Mýrdalshreppi



Almennur félagsfundur sjálfstæðismanna í Mýrdalshreppi verður haldinn í Leikskálum fimmtudaginn 4. júní n.k. kl. 20:00

Fundarefni: Málefni Mýrdalshrepps

Nýir sem eldri félagar velkomnir.

D-listinn í Mýrdalshreppi

urum svæðin til 3 ára enda verði afnot í samræmi við ráðleggingar landgræðsluráðunautar. Leigjendur leggi til girðingar og fjarlægi að loknum leigutíma. Fyrir liggur samþykki leigjenda grasnytja S-Víkur.

**5.** Bréf Sýslumannsins í Vík dags. 15. maí 2009. Óskað er umsagnar vegna fyrirhugaðrar útgáfu leyfis fyrir gistihús að Pétursey II. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við útgáfu leyfisins.

**6.** Bréf Stúdentaráðs HÍ dags. 4. maí 2009. Sveitarstjórn Mýrdalshrepps telur ekki eðlilegt að Mýrdalshreppur niðurgreiði rekstur almenningsgangna í höfuðborginni.

Megin hluti menntastofnana Íslendinga eru á höfuðborgarsvæðinu og sveitarfélögin þar hagnast á því að fá unga fólk til sín í nám. Námsmenn af landsbyggðinni eyða hverri krónu á höfuðborgarsvæðinu í húsaleigu og kaup á annarri þjónustu og því ekki nema sanngjarnt að þeir njóti sömu kjara hjá höfuðborgarsveitarfélögunum og þeirra eigin íbúar.

### III. Málefni til umfjöllunar / afgreiðslu.

**1.** Ársreikningur 2008, seinni umræða. Sveitarstjórn samþykkir Ársreikning 2008 og staðfestir með undirritun sinni.

**2.** Fjallskil - bréf Bændasamtaka Íslands dags. 15. apríl 2009. Vísad til Héraðsnefndar.

**3.** Dyrhólaey.

Fyrir liggja hugmyndir nytjaréttarhafa og Umhverfisstofnunar að tilraunaverkefni um stjórnun náttúruverndar og ferðaþjónustu á Dyrhólaey. Einnig bréf Pauls Richardssonar og Ágústu Andrésdóttur dags. 10. maí 2009, Vigfúsar Ásgeirssonar og Matthildar Valfells dags. 18. maí 2009 og afrit af bréfi Evu Daggar Þorsteinsdóttur, Vigfúsar Páls Auðbertssonar, Þorsteins Gunnarssonar og Margrétar Guðmundsdóttur til Umhverfisstofnunar dags 26. maí 2009.

Sveitarstjórn samþykkir að ræða við með-eigendur Mýrdalshrepps að Dyrhólaey um fyrirliggjandi hugmyndir áður en lengra verður haldið. Oddvita falið að boða til slíks fundar.

**4.** Vinnumarkaðsaðgerðir - átaksverkefni. Sveitarstjórn samþykkir að koma á fót

átaksverkefni í samvinnu við Vinnumálastofnun til 3.-4. mánaða í samræmi við fyrirliggjandi gögn.

**5.** Þriggja ára áætlun 2010-2012, seinni umræða. **Fyrri** umræða um þriggja ára fjárhagsáætlun 2010-2012 fór fram 27. janúar 2009. **Þriggja** ára fjárhagsáætlun 2010-2012 samþykkt.

**6.** Starfsmannamál. D-listinn leggur til að Bogi Ragnarsson verði ráðinn í stöðu skólastjóra sameinaðs leik-, grunn- og tónskóla frá 15. júlí 2009. Samþykkt með 3 atkv. (SP, ÞJ, SH). Tveir sátu hjá (KP, ÓSB). Sveitarstjórn þakkar fráfarandi stjórnanda grunnskólans góð störf í þágu Mýrdalshrepps en ljóst er að viðkomandi hætir störfum hjá Mýrdalshreppi.

**7.** Umhverfis- og vegamál. Fyrirliggjandi tillögur samþykktar.

**8.** Skólaakstur. Sveitarstjóra falið að leita samninga um skólaakstur til eins árs í samræmi við innkaupareglur.

### IV. Fundargerðir til kynningar:

**1.** Fundargerð 18. fundar félagsmálanefndar frá 15. apríl 2009.

**2.** Fundargerð 34. fundar barnaverndarnefndar frá 29. apríl 2009.

**3.** Fundargerð 423. fundar stjórnar SASS frá 7. maí 2009.

**4.** Fundargerð 114. fundar stjórnar skólaskrifstofu frá 11. maí 2009.

**5.** Fundargerð 284. fundar stjórnar Atvinnuþróunarfélags Suðurlands frá 6. maí 2009.

### V. Annað kynningarefni

**1.** Bréf Iðnaðarráðuneytis dags. 21. apríl 2009.

**2.** Bréf Vegagerðarinnar dags. 3. apríl 2009.

**3.** Heilbrigðisstofnun Suðurlands - fundarboð

**4.** Kynningarbréf Minjavarðar Suðurlands.

**5.** Bréf SASS dags. 14. maí 2009 - Ársþing 2009.

**6.** Aðalfundarályktun FOSS Fundargerðin lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið kl. 21:15

Fundargerðin lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið kl. 21:15

Þórhildur Jónsdóttir, oddviti, Sif Hauksdóttir, Ólafur S. Björnsson, Sveinn Pálsson sveitarstjóri, Karl Pálmason.

*Adkoma að lóðinni Austurvegur 11d verði 2,5 m meðfram húsinu Austurvegur 11c. Samþykkt með 3 atkv. (SP, ÞJ, SH) gegn 2 (KP, ÓSB).*

Varðandi lið 12a: Sveitarstjórn samþykkir að stækka þjónustulóðina eins og fram kemur á meðfylgjandi upprætti þannig að nýtt þjónustu og geymsluhús rúmist á lóðinni.

Fundargerðin að öðru leyti samþykkt með 3 atkv. (SP, ÞJ, SH) gegn 2 (KP, ÓSB)

B-listinn leggur fram bókun varðandi lið 3b:

*Við fordæmum vinnubrögð sveitarstjóra Mýrdalshrepps er varðar gönguleiðir á aðalskipulagsdrögum. Sveitarstjóri hefur upp á sitt eindæmi tekið út stóran hluta gönguleiða sem samþykktar hafa verið og breytt öðrum og virðast breytingarnar einungis til þess fallnar að þyngja ábúendum sem þó höfðu mótmælt þeim leiðum, einnig höfðu búnaðarfélagin sagt sitt álit. Við krefjumst þess að samþykkt skipulags- og byggingarnefndar frá 10. apríl 2008 liður 3 b og staðfesting sveitarstjórnar á fundi 434 17. apríl 2008 standi óbreyttar þar til annað verður ákveðið.*

Sveinn óskar eftir fundarhléi og leggur að því loknu fram bókun:

*Ég sinni starfi skipulagsfulltrúa þar til Gísli Gíslason skipulagsfulltrúi var að tillögu D-listans ráðinn til að leiða til lykta tillögu að Aðalskipulag Mýrdalshrepps. Í vinnu minni sem skipulagsfulltrúi lagði ég töluvert á mig til að reyna að samræma sjónarmið ólíkra hagsmunaaðila s.s. bænda og áhugamanna um uppbyggingu gönguleiða. Á fundi skipulags- og byggingarnefndar 18. mars 2008 fjallaði nefndin um hugmyndir að 36 gönguleiðum og umsagnir Búnaðarfélaga um þær. Nefndin samþykkti að breyta sumum leiðum og fella aðrar út. Eftir þetta stóðu eftir í vinnugögnum nefndarinnar tæplega 20 leiðir jafnt um hálandi sem láglandi Mýrdalsins en ítreka ber að aðalskipulagsgögnin eru vinnugögn þar til aðalskipulagið hefur verið samþykkt. Í vinnu minni sem skipulagsfulltrúi með skipulagsráðgjafa hafa leiðir að einhverju leyti verið samræmdar breytingum á drögum að gönguleiðarlýsingum auk þess sem leiðir sem ekki hefur staðið styr um og hafa verið í notkun hafa*

*verið fjarlægðar m.a. til að minnka flækjustigið á aðalskipulagsupprættinum. Þessar tillögur voru lagðar fyrir skipulags- og byggingarnefnd 13. maí s.l. og málið sett í feril. Eðlilegt er að fulltrúar B-listans fylgi eftir sjónarmiðum sínum þar og fjölgi gönguleiðunum aftur.*

**4.** Fundargerð rekstrarnefndar Hjallatúns frá 20. maí 2009.

Á fundinum var farið yfir ársreikning Hjallatúns fyrir árið 2008 sem sýnir að rekstrar- niðurstaða ársins 2008 var jákvæð um 1,2 millj. kr. þökk sé 12 millj. kr. framlagi af fjárukaulögum Alþingis. Einnig lá fyrir kostnaðargreining verkfræðistofunnar Mannvits á hugmyndum Jes Einarssonar um stækkun og aðlögun Hjallatúns þannig að það uppfylli kröfur sem gerðar eru til hjúkunarheimila. Kostnaðaráætlun hljóðar upp á 660 millj. kr. Sveitarstjórn samþykkir að senda fyrirbyggjandi ársreikning til Ríkisendurskoðunar og samþykkir fundargerðina.

## **II. Innsend erindi til afgreiðslu.**

**1.** Bréf Matvælastofnunar dags 28. apríl 2009. Sveitarstjórn Mýrdalshrepps mótmælir áformum um niðurfellingu varnarlína á Mýrdalssandi og við Jökulsá á Sólheimasandi og er ekki reiðubúin til að taka yfir verkefni ríkisins varðandi sauðfjárveikivarnir. Komi til þess að varnarlínur verði lagðar niður er Mýrdalshreppur reiðubúinn til viðræðna um að taka yfir girðingu á Mýrdalssandi í samvinnu við Skaftárhrepp og Landgræðsluna með tilliti til fjallskila- og landgræðslusjónarmiða.

**2.** Bréf Æsu Gísladóttur dags. 29. apríl 2009. Æsa sækir um leyfi til að halda 12 íslenskar landsnámshænur við Norður-Vík

Samþykkt með skilyrði um að hæurnar verði á afmörkuðu og afgirtu svæði.

**3.** Bréf Samgönguráðuneytis dags. 13. maí 2009. Þórhildur víkur af fundi og Sif tekur við stjórn fundarinnar. Sveitarstjórn samþykkir að fela lögræðingi sveitarfélagsins að svara bréfinu. Þórhildur kemur inn á fundinn og tekur við stjórn hans.

**4.** Landleiga - Bréf Vilborgar Smáráðóttur dags. 5. maí 2009 og Sigurðar Baldvínssonar dags. 6. maí 2009. Samþykkt að leigja bréfrít-

## **FUNDARGERÐ SKAFTÁRHREPPS**

Sveitarstjórn Skaftárhrepps fundar mánudaginn 18. maí 2009. Fundur hefst kl. 14.00 í ráðhúsi Skaftárhrepps.

Þetta er 303. fundur sveitarstjórnar, 5. fundur ársins 2009.

Fundargerð er tölvuskráð af sveitarstjóra.

Oddviti býður fundarmenn velkomna. Oddviti óskar eftir að eftirtalin erindi verði tekin á dagskrá: Fundargerð 34. fundar barnaverndarnefndar Rangárvalla- og Vestur-Skaftafells- sýslu 29. apríl 2009 sem mál III-6; Tilkynning um ársþing SASS 2009 sem mál I-11. Þetta samþykkt.

Oddviti og sveitarstjóri greina frá gangi mála frá síðasta fundi. Gengið er til dagskrár.

### **I. Málafni til umfjöllunar/afgreiðslu.**

**1.** Erindi frá aðalfundi Kvenfélags Kirkjubæjarhrepps 15. apríl 2009: Athugasemd og mótmæli vegna stutts opnunartíma verslana og sundlaugar um sl. páska.

Kvenfélagið lýsir furðu sinni á að opnunartími Skaftárskála, sundlaugar og Kjarvals hafi ekki verið lengri í páskavíkunni, fyrstu og jafnframt einni af stærri ferðavíkum ársins. Einnig er lokun sundlaugar á föstudaginn langa og páskadag harðlega mótmælt. Sveitarstjórn staðfestir móttöku erindisins og þakkar ábendingu um opnunartíma sundlaugar. Í fundargerð frá 33. fundi æskulýðs- og íþróttanefndar, sem liggur fyrir fundinum, kemur fram að nefndin muni beita sér fyrir rýmri opnunartíma sundlaugar um ferðahelgar í framtíðinni.

**2.** Erindi frá aðalfundi Búnaðarfélags Leiðvallahrepps 16. apríl 2009: Tilmæli um átak og aukið fjármagn til tófuleitar í Meðallandi.

Búnaðarfélagið greinir frá því að tófum hafi fjölgað í Meðallandi og telur ástæðuna vera annars vegar þá að dregið hefur úr vetrarveidi og hins vegar að tófan hafi numið ný lönd sem ekki sé leitað á. Sveitarstjórn þakkar þessar athugasemdir. Þegar hafa verið gerðar ráðstafanir til að efla grenjaleit á svæðinu með breyttum samningum við grenjaskyttur.

**3.** Erindi frá aðalfundi Búnaðarfélags Skaftártungu 17. apríl 2009: Tilmæli um varfærni og samráð við íbúa sveitarfélagsins

varðandi fyrirhugaða innlimun Langasjávarsvæðisins í Vatnajökulspjöldgarð.

Búnaðarfélagið þakkar góðan kynningarfund fyrir ári og minnir á þá andstöðu sem þar kom fram við innlimun Langasjávarsvæðisins í Vatnajökulspjöldgarð. Sveitarstjórn er hvött til að fara áfram gætilega og hafa samráð við íbúa sveitarfélagsins. Sveitarstjórn staðfestir móttöku erindisins og þakkar ábendinguna.

**4.** Bókun samþykktar sveitarstjórnar 28. apríl 2009 á framkvæmdaleyfi vegna tímabundinnar opunar þriðja rörsins við Árkvíslar.

Að fenginni umsögn Fiskistofu, Landgræðslu ríkisins, Umhverfisstofnunar, Vegagerðarinnar og sveitarstjórnar Skaftárhrepps hefur Skipulagsstofnun 24. apríl 2009 komist að þeirri niðurstöðu að opnun þriðja rörsins við Árkvíslar frá 20. október til 20. júní árin 2009-2012 skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Sveitarstjórn samþykkir að veita framkvæmdaleyfi til þessarar vatnsstyringar í samræmi við ákvörðun Skipulagsstofnunar.

**5.** Bréf frá Matvælastofnun 28. apríl 2009, ásamt fylgigögnum: Ákvörðun um breytingu á varnarlínun milli sóttvarnarsvæða.

Tilkynnt er um fyrirhugaðar breytingar á varnarlínun sauðfjárveikivarnarsvæða og stendur til að leggja niður eftirtaldar varnarlínur í Skaftárhreppi: Mýrdalssandslínu, Eldhraunslínu og Hólmsárlínu. Óskað er eftir afstöðu sveitarstjórnar Skaftárhrepps til þess, hvort sveitarfélagið geri athugasemdir við fyrirhugaðar breytingar og / eða óski eftir að eignast umræddar varnarlínur í því ástandi sem þær eru nú. Sveitarstjórn telur ekki efnislegar ástæður til athugasemda við fyrirhugaðar breytingar. Ekki eru fjárhagslegar forsendur fyrir því að sveitarfélagið viðhaldi sauðfjárveikivarnarlínunum. Ástæða er til að kanna í samráði við aðra hagsmunaaðila um yfirtöku á þessum girðingum til svæðis-afmörkunar. Oddviti og sveitarstjóra falið að fylgja málinu eftir.

**6.** Frá Sambandi Íslenskra sveitarfélaga: Stefnumörkun Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir árin 2009 og 2010 með aðgerðaáætlun. Staðfest í stjórn sambandsins 29. apríl 2009.

Sveitarstjórn staðfestir móttöku erindisins.

7. Bréf frá Katli Sigurjónssyni: Lóð við Hæðargarðsvatn - ósk um skipulagsbreytingu. Sveitarstjórn samþykkir að vísa málinu til umfjöllunar í skipulags- og byggingarnefnd.

8. Ályktun aðalfundar Félags opinberra starfsmanna á Suðurlandi 7. maí 2009: Krafa um víðtækt samráð stjórnvalda við samtök launafólks um aðgerðir í efnahagsmálum.

Sveitarstjórn staðfestir móttöku erindisins.

9. Merking gönguleiðar yfir Klausturfjall vegna þátttöku í "Heimsgöngu í þágu friðar og tilveru án ofbeldis".

Í framhaldi af ákvörðun á 300. sveitarstjórnarfundum samþykkir sveitarstjórn að leggja til að svokölluð "Ástarbraut" verði merkt þessu verkefni sumarið 2009. Sveitarstjóra falið að ljúka málinu í samráði við hlutaðeigandi aðila.

10. Skýrsla formanns kjörstjórnar Skaftárhrepps vegna alþingiskosninganna 25. apríl 2009.

Sveitarstjórn staðfestir móttöku skýrslunnar og þakkar formanni, kjörstjórn og öðrum starfsmönnum vel unnin störf.

11. SASS 14. maí 2009: Tilkyning um ársþing SASS 15. og 16. október 2009 á Höfn í Hornafirði.

Sveitarstjórn staðfestir móttöku upplýsinganna.

## II. Fundargerðir til samþykktar.

1. 111. fundur fræðslunefndar 20. apríl 2009. Fundargerð samþykkt.

2. 33. fundur æskulýðs- og íþróttanefndar 21. apríl 2009.

Athugasemd vegna 3. liðar í fundargerð um styrki til íþróttafélaga. Gert er ráð fyrir 300.000 kr framlagi. Sveitarstjórn hvetur til áframhaldandi samstarfs íþróttafélaga til að stuðla að sem bestri nýtingu fjármuna. Athugasemd við 4. lið um hátíðarhöld 17. júní: Gert er ráð fyrir 100.000 kr framlagi. Fundargerð samþykkt.

## III. Fundargerðir til kynningar.

1. 118. fundur Heilbrigðisnefndar Suðurlands 21. apríl 2009.

2. 763. fundur stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga 29. apríl 2009.

3. 284. fundur stjórnar Atvinnuþróunarfélags

Suðurlands 6. maí 2009, ásamt minnisblaði.

4. 423. fundur stjórnar SASS 7. maí 2009.

5. 114. stjórnarfundur Skólaskrifstofu Suðurlands 11. maí 2009.

6. 34. fundur barnaverndarnefndar Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu 29. apríl 2009.

## IV. Annað kynningarefni.

1. Norræna ráðherranefndin: Framkvæmda-ætlun í umhverfismálum 2009-2012.

## V. Samþykkt fundargerðar / Fundarslit

Fundargerð lesin upp, samþykkt og árituð. Fundi slitið kl 17:45.

Næsti fundur er ráðgerður mánudaginn 8. júní 2009 og hefst fundurinn kl. 14:00.

Reiknað er með að næsti fundur eftir það verði 17. ágúst, en júlífundur falli niður vegna sumarleyfa.

Jóna S. Sigurbjartsdóttir, oddviti, Elín Heiða Valsdóttir, varaoddviti, Sverrir Gíslason, Jóhannes Gissurarson, Þorsteinn M. Kristinnsson

# HÓTEL DYRHÓLAEY

BREKKUM ~ TEL. 487 1333

## Sumarið er komið

Verið velkomin að prufa  
nýja matseðilinn okkar

**Forréttir:** Laxa þrenna, Súpa dagsins, Grænt salat með feta osti og dressingu

**Aðalréttir:** Lamba, Hrossa eða Svína file, Kjúklinga bringur, Lax eða Þorskur

**Eftirréttir:** Osta blanda, Heimabökuð Skyrkaka, Eplaterta, Ís

Til og með 17. júní er 15 %  
afsláttur af verðum á matseðli.

## FUNDARGEÐR MÝRDALSHREPPS

446. fundur sveitarstjórnar Mýrdalshrepps, haldinn þriðjudaginn 26. maí 2009 kl. 16:00 á skrifstofu hreppsins, Austurvegi 17 í Vík.

Fundinn sátu undirritaðir aðalmenn auk Ólafs S. Björnssonar varamanns sem mætir í stað Elínar Einarsdóttur. Sveitarstjóri ritaði fundargerðina á tölvu. Oddviti, Þórhildur Jónsdóttir setti fund og stjórnaði.

Gerðir fundarins:

Sveitarstjóri gerir grein fyrir verkefnum frá síðasta fundi.

## I. Fundargerðir til staðfestingar.

1. Fundargerð menningarmálanefndar frá 4. maí 2009. Varðandi opnunartíma upplýsingarmiðstöðvar samþykkir sveitarstjórn að hún verði opin frá 1. júní - 20. ágúst, 7 tíma á dag. Fundargerðin að öðru leyti samþykkt.

2. Fundargerð fræðslunefndar frá 12. maí 2009.

Í fundargerðinni kemur m.a. fram að fræðslunefnd samþykkir fyrir sitt leyti sam-rekstur leik, grunn- og tónskóla og leggur til að eitt og sama skólaráð verði fyrir allar deildir skólans. Fundargerðin samþykkt.

B-listinn leggur fram bókun:

Fulltrúar B-listans lýsa yfir vantrausti á vinnubrögð sitjandi meirihluta við skipulagsbreytingar á skólastarfi í sveitarfélaginu. Það er ábyrgðarhluti að ætla sér án nokkurrar undirbúningsvinnu að sameina faglegt starf þessara stofnana nánast á einni nóttu. Það er aldrei mikilvægara en nú við þær aðstæður sem ríkja í þjóðfélaginu að skólaumhverfi barnanna sé öruggt og fastmótað. Fulltrúar B-listans minna á bókun meirihluta sveitarstjórnar frá 1. apríl 2008 þar sem samþykkt var að leita til Atvinnuþróunarfélags Suðurlands, Skólaskrifstofu Suðurlands og Kennaraháskóla Íslands um að leiða undirbúningsvinnu við sameiningu skólanna. Jafnframt skyldi m.a. haft samráð við stjórnendur, starfsfólk, foreldraráð og foreldrafélög. Engin fagleg undirbúningsvinna fór fram né heldur samráð við áðurnefnda aðila. Slíkt verður að teljast vafasöm aðferðarfræði og léleg stjórnsýsla.

Fulltrúar B-listans ítreka bókun sína um skólamál frá fundi 433, 1. apríl 2008 og skora á fulltrúa D-listans að endurskoða vinnubrögð sín.

D-listinn óskar eftir fundarhléi og leggur fram bókun að því loknu:

*D-listinn hafnar fullyrðingu B-lista um að ekki hafi verið unnið faglega að sameiningu skólanna.*

*Á fundi þann 1. apríl 2008 samþykkti meirihluti sveitarstjórnar að setja af stað undirbúning þess að sameina skólana í eina stofnun. Leitað var til Atvinnuþróunarfélags Suðurlands og haldið var íbúáþing um skólamál 17. janúar 2009. Skýrsla Atvinnuþróunarfélagsins lá fyrir á fundi fræðslunefndar 16. mars s.l. þar sem samþykkt var vísa ákvörðun um rekstarfyrirkomulag skólanna til sveitarstjórnar en skipa stýrihóp til að vinna að gerð menntastefnu fyrir skólanna. Þessi stýrihópur hefur verið skipaður.*

*Meirihluti sveitarstjórnar samþykkti á fundi 18. mars 2009 að sameina rekstur skólanna í eina deildaskipta stofnun með einum stjórnanda. Með þeirri ákvörðun er ekki vegið að faglegu starfi skólanna heldur má þvert á móti halda því fram að það sé styrkt með samhentum stjórnendateymi 4 stjórnanda í einni stofnun í stað 4 stjórnanda í 3 stofnunum.*

*D-listinn hefur haft sameiningu skólanna á stefnuskrá sinni frá síðustu kosningum. Rekstrarleg sameining er fyrsta skrefið í þróun til öflugra skólastarfs til farsælda fyrir nemendur, starfsfólk og íbúa.*

3. Fundargerð skipulags- og byggingarnefndar frá 14. maí 2009.

Eftirfarandi liðir fundargerðarinnar eru afgreiddir sérstaklega:

Liður 9: Sveitarstjórn samþykkir að aðkoma að nýrri lóð á E-Dyrhólum verði um land V-Dyrhóla sbr. fyrirliggjandi uppdrátt.

Liður 11: B listinn leggur fram tillögu:

*Fulltrúar B-listans leggja til að afgreiðslu á lið 11 í fundargerðinni verði frestað þar sem ljóst er að lóðareigandi að Kirkjuvegi 3 er ekki reiðubúinn að gefa meira en 1,5 metra af lóð sinni sem aðgengi að lóð Austurvegar 11d. Forsendur virðast hafa breyst frá því sem upphaflega var lagt upp með þegar lóðareigandi Austurvegar hóf uppbyggingu þar.*

Tillagan felld með 3 atkv. (SP, ÞJ, SH) gegn 2 (KP, ÓSB)

Sveinn leggur fram tillögu: